


## RannsóknarSmiðja RA, saga og markmið



Höfundur Sesselja G. Magnúsdóttir



Rannsóknasmiðja RA, saga og markmið  
Nóvember 2021  
Höfundur: Sesselja G. Magnúsdóttir  
Prófarkarlesari: Oddný Eir Ævarsdóttir  
Útgefandi: Reykjavík Akadémían ses  
Útgáfunúmer: RA-2021-3  
Þórunnartún 2  
105 Reykjavík  
Sími 562 8565  
Netfang: [ra@akademia.is](mailto:ra@akademia.is)  
Veffang: [www.akademia.is](http://www.akademia.is)

## EFNISYFIRLIT

|                                                     |    |
|-----------------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                                     | 2  |
| ReykjavíkurAkademían ses .....                      | 4  |
| Sjálfseignastofnunin RA ses.....                    | 6  |
| RannsóknarSmiðja verður til .....                   | 9  |
| Mikilvægir innviðir .....                           | 10 |
| ReykjavíkurAkademían ses - starfsaðstaða .....      | 13 |
| Skrifstofuaðstaða.....                              | 15 |
| Aðstaða til fræðirannsóknar .....                   | 15 |
| ReykjavíkurAkademían ses - Fræðasamfélag .....      | 17 |
| Mannauður .....                                     | 18 |
| Vinnustaður.....                                    | 19 |
| ReykjavíkurAkademían ses – RannsóknarSmiðjan .....  | 21 |
| Ímynd og sýnileiki .....                            | 22 |
| Virki heimasíða - upplýsingagjöf.....               | 22 |
| Rannsóknarskýrslur .....                            | 25 |
| Viðburðahald .....                                  | 26 |
| Útgáfa .....                                        | 29 |
| Þjónusta vegna styrkumsóknar .....                  | 31 |
| ReykjavíkurAkademían - Stofnanalegur bakhjarl ..... | 32 |
| Lokaorð.....                                        | 34 |
| Heimildaskrá: .....                                 | 37 |



# Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu verður gerð grein fyrir þeim hugmyndum sem verið hafa innan ReykjavíkurAkademíunnar ses, framvegis vísað til sem RA ses., undanfarinn áratug um hvernig rannsóknarþjónustu við fræðimenn innan stofnunarinnar sé best háttað. Sjónum verður aðallega beint að hugmyndum um og störf innan svokallaðrar RannsóknarSmiðju RA, framvegis vísað til sem RaRA, sem tók til starfa 2011 og var virkur þáttur í starfi RA ses að minnsta kosti til ársloka 2016. Fjallað verður um tildrög og störf RaRA á tímabilinu 2011-2016 og lagðar fram tillögur að áframhaldandi þróun og starfi undir merkjum RaRA.

Aðdragandann að stofnun RaRA má meðal annars finna í tveimur skýrslum frá árunum 2011 og 2012 þar sem gerðar voru tillögur að því hvernig ReykjavíkurAkademían gæti á sem bestan hátt staðið undir rannsóknarþjónustu hlutverk sínu og þá með því að koma á fót sérstakri rannsóknarþjónustu innan RA ses sem bæri heitið RannsóknarSmiðja RA. Fyrri skýrslan er eftir Elsu Eiríksdóttir sem skilaði henni af sér í desember 2011 og ber nafnið *Rannsóknarþjónusta Reykjavíkur Akademíunnar. Drög að þarfagreiningu og skilgreiningu starfs*. Seinni skýrslan er eftir Gunnþóru Ólafsdóttur frá júní 2011 með athugasemdum frá höfundi þessarar skýrslu og ber nafnið *Rannsóknar(s)miðja ReykjavíkurAkademíunnar handbók stjórnar og starfsfólks*. Í henni leggur Gunnþóra fram tillögur að nánari útfærslu á þeim hugmyndum sem fram koma í skýrslu Elsu. Höfundur þessarar skýrslu Sesselja G. Magnúsdóttir var síðan fengin árið 2012, í samstarfi við þáverandi framkvæmdastjóra Sólveigu Ólafsdóttur, til að raungera hugmyndir Elsu og Gunnþóru og varð RannsóknarSmiðjan virkur þáttur í starfi RA ses árin 2012-2016 eða þann tíma sem Sesselja var annars vegar starfsmaður hennar 2012-2014 og síðan framkvæmdastjóri RA ses 2014-2016.

Í eftirfarandi texta verður gert grein fyrir starfsemi RaRA á þessum tíma og að lokum lagðar fram tillögur að framtíðarsýn fyrir RaRA og rannsóknþjónustu innan RA ses almennt. Það er þó ekki hægt að fjalla um sögu og framtíð RaRA án þess að fjalla um sögu og framtíð RA ses sem sjálfstæðrar rannsóknastofnunar. Skýrslan fjallar því ekki aðeins um RaRA sem einangrað fyrirbæri heldur sem skilgreindan farveg innan RA ses settan upp til að halda utan um og styðja við sjálfstæðar rannsóknir fræðimanna innan stofnunarinnar sem og rannsóknar tengda starfsemi stofnunarinnar sjálfrar. Hlutverk og skyldur RA ses í heild eins og hvað felst í viðunandi skrifstofuaðstöðu, hvernig fjármunum væri best ráðstafað og starfsmannastefna skipulögð að mati skýrsluhöfundar verða einnig skoðuð því rekstur stofnunarinnar hangir allur saman.

Reykjavík, 1. febrúar 2023

Sesselja G. Magnúsdóttir



## ReykjavíkurAkademían ses

Upphaf ReykjavíkurAkademíunnar, samfélags sjálfstætt starfandi fræðimanna, vísað til sem RA, má rekja til 10. áratugar síðustu aldar. Þá var sú staða komin upp innan hug- og félagsvísinda við Háskóla Íslands (sem þá var eini háskóli landsins með einhverjar rannsóknir að marki innan sinna vébanda) að mun færri stöður voru í boðið fyrir ný útskrifaða doktora en fjöldi þeirra sem útskrifuðust, ekki síst frá erlendum háskólum. Einstaklingar sem komu heim úr doktorsnámi höfðu því litla sem enga möguleika á rannsóknastöðum og aðstaða til starfa sem sjálfstætt starfandi fræðimaður var lítil sem engin. Margir hinna nýútskrifuðu doktorar höfðu í sínu námi kynnst nýjum kenningum og hugmyndum ólíkum þeim sem voru í gangi innan Háskóla Íslands og vildu koma þeim á framfæri en vantaði til þess vettvang. (Árni Daníel 2009, bls. 15–22) Þeir sem höfðu á annað borð haft fjárhagslegar forsendur til að stunda sjálfstæðar rannsóknir unnu flestir heima við borðstofuborðið í ákveðinni fræðilegri einangrun. RA var því stofnað vegna þess að það sárvantaði starfsaðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn og rými til að hittast, ræða saman, mynda tengsl og koma hugmyndum sínum á framfæri. Þörfin sést best á því að þegar fundið var hentugt húsnæði í JL-húsinu, gegn sanngjarnri leigu (en þar átti RA eftir að vera til húsa til 2014 þegar flutt var í Þórunnartún 2) fylltist það strax. (Árni Daníel, 2009, bls. 24 og 25)

Nýjungar bæði í listum og fræðum verða oft til á jaðrinum sem andsvar við hefðina en fljóta svo smátt og smátt inn á miðjuna þar sem viðurkenndar stofnanir taka við þeim. Vettvangur til þróunar nýrra hugmynda innan fræðanna er því mikilvægur fyrir fræðasamfélagið og hefur verið mikilvægur þáttur í tilvist ReykjavíkurAkademíunnar alveg frá upphafi og er enn.

Áhuginn á því að koma RA á koppinn og eljusemi frumbyggjanna var slíkur að á fyrstu árunum var byggt upp, í orðsins fyllstu merkingu, skrifstofur og kraumandi fræðasamfélag

þar sem allt skyldi gert til að auka sýnileika og orðspor bæði félagsmanna og félagsins sjálfs. Hugmyndin að starfsemi RA skiptist í tvö megin svið:

„Annars vegar ætti félagið að reka húsnæði fyrir sjálfstætt-starfandi fræðimenn þar sem hverjum og einum gæfist færi á að leigja sér skrifstofu fyrir hæfilegt verð. ... eins gætu stofnanir og fyrirtæki nýtt sér slíka aðstöðu. ... Hins vegar [væri] RA ... samfélag fræðimanna, akademía í þess orðs fyllstu merkingu ... [sem] stæði fyrir ráðstefnum, málstofum (málþingum), seminörum og námskeiðum [og] léti til sín taka í útgáfum af ýmsu tagi, hefðbundinni fræðiritaútgáfu, netútgáfu, samningu og útgáfu kennsluefnis o.s.frv. Þá ynni RA skipulega að því að afla styrkja fyrir félagana til hvers konar fræðastarfa og rannsókna.“ (Árni Daníel, 2009, bls. 18)

Auk þessa skyldi vinna að því að koma upp góðu rannsóknarbókasafna við stofnunina. Markmiðunum var fljótlega náð með ósérhlífni félagsmanna. Verkefnum sem þurfti að sinna var skipt á milli þeirra sem leigðu skrifstofur og var það í raun skylda hvers og eins sem komu í hús að taka þátt í starfinu. Skipaðar voru nefndir til að halda utan um aðskiljanlega þætti starfsins, námskeið, málþing, útgáfu og fleira og hið ómögulega varð að veruleika (Árni Daníel, 2009, bls. 25) ReykjavíkurAkademían varð á nokkrum árum virkt fræðasamfélag sem stóð fyrir viðburðum og útgáfu í tengslum við fræðin að ógleymdu því að taka þátt í fræðilegri umræðu í samfélaginu.

Uppbygging og allt starf tengt mótun faglegar sjálfsmyndar RA var í upphafi unnið í sjálfboðavinnu eða gegn lágum launum. Það var þó reynt eftir kostum að ráða framkvæmdastjóra í að minnsta kosti hlutastarfa til að halda utan um reksturinn og samskipti og samninga við mögulega stuðningsaðila og starfsmann í hlutastarf á skrifstofu til að halda utan um daglega umsýslu. Vinnuálagið á stjórnarformönnum á hverjum tíma og almennum stjórnarmönnum var þó alltaf mikið en þeir tóku virkan þátt í rekstri og faglegri uppbyggingu.

## Sjálfseignastofnunin RA ses

Árið 2006 var sjálfseignarstofnunin ReykjavíkurAkademían ses stofnuð upp úr ReykjavíkurAkademíunni, samfélagi sjálfstætt starfandi fræðimanna sem þá fékk nafnið Félag ReykjavíkurAkademíunnar, FRA. Vorið 2007 fékk stofnunin sem skilgreind var sem nýsköpunarmiðstöð í hug- og félagsvísindum, styrktarsamning við ríkið til 3 ára til að halda áfram því góða starfi sem komið hafði verið á fót innan RA áratuginn á undan en með tryggu fjármagni var framkvæmd þeirra auðveldari. (Árni Daníel, 2009, bls. 70-71)

Samningur RA ses við menntamálaráðuneytið sem nú er í gildi er frá árinu 2014. Hann var til þriggja ára og hefur frá árinu 2017 verið endurnýjaður árlega óbreyttur. Samkvæmt honum hefur RA ses það að meginmarkmiði að:

„[E]fla formlegan vettvang fyrir sjálfstæðar rannsóknir og nýsköpun með rekstri á öflugri rannsóknarstofnun og menningarmiðstöð, virkja og tengja saman þann mannafla sem stundar sjálfstæðar rannsóknir og hvetja til fjölfaglegs samstarfs milli einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja, þekkingarsetra, háskóla, annarra mennta-, menningar- og fræðastofnana innanlands sem utan og stuðla að fræðilegri og gagnrýnni samfélagsumræðu.

RA er rannsókn- og nýsköpunarstofnun í menningar-, hug- og félagsvísindum sem veitir vísindamönnum í sjálfstæðum rannsóknum starfsaðstöðu og rannsóknarþjónustu. Markhópur RA eru fræða- og fagfélög, menningar- og fræðastofnanir, sem og smáfyrirtæki sem byggja starfsemi sína á rannsóknum og miðlun þeirra. Sérstök áhersla er lögð á að veita ungum vísindamönnum í rannsóknartengdu framhaldsnámi innanlands sem utan aðstoð og aðstöðu eftir föngum.“ (Stjórnarráðið ... 2014)

Skyldur RA ses eru miklar og markhópur þjónustunnar fjölbreyttur og rúmar hann bæði einstaklinga, félög og minni fyrirtæki sem stunda rannsóknir og miðlun í áðurnefndum vísindafögum. Þarfir þjónustuþega RA ses eru því misjafnar þó að þeir eigi einnig margt sameiginlegt. Til dæmis sækjast sjálfstætt starfandi fræðimenn og höfundar fræðilegs efnis

sem fjármagna sjálfir sín verkefni fyrst og fremst eftir starfsaðstöðu, sýnileika og að vera hluti af samfélagi á meðan þeir sem sækja í samkeppnissjóði þurfa að auki rannsóknarþjónustu og sterkan stofnanalegan bakhjarl til að vera gjaldgengir í styrkjakapphlaupið. Hjá smáfyrirtækjum, fræða- og fagfélögum, menningar- og fræðastofnunum er þörfin aftur á móti ekki síst fyrir sýnileika og aðstöðu til funda- og viðburðahalds.

Í árdaga RA var fjárhagslegur grundvöllur félagsins lítill og ótryggur þrátt fyrir að afurðir þess voru miklar. Tilvist RA var ekki síst tryggð með sjálfböðavinnu félaganna en mestur tími og orka fyrstu framkvæmdastjóra og stjórnarformanna RA fór í að skapa félaginu veraldlega umgjörð og ekki síður virðingu innan fræða og samfélagsins almennt. Það tókst með ágætum og þegar RA ses var stofnað var ReykjavíkurAkademían orðin vel þekkt og virt stærð innan fræðasamfélagsins sem og samfélagsins almennt. Við stofnun RA ses breytist eðli ReykjavíkurAkademíunnar. Hún var ekki lengur samfélag sjálfstætt starfandi fræðimanna sem höfðu komið sér upp húsnaði til að stunda rannsóknir heldur sjálfstæð rannsóknastofnun sem skyldi þjónusta sjálfstætt starfandi fræðimenn. Föst fjárframlög frá ríkinu skyldu tryggja þessum hóp aðgang að viðunandi starfsaðstöðu og stuðning í formi rannsóknarþjónustustu til að hann gæti stundað fræðin óháð öðrum rannsóknastofnunum eins og Háskóla Íslands.

Með tilkomu RA ses og stofnanasamnings við Ríkið léttist róðurinn til muna. Þá var meðal annars hægt að fastráða framkvæmdastjóra og starfsmann á skrifstofu því verkefnin voru og eru ærin og léttu þannig álagi á stjórnarformann og stjórn. Starf framkvæmdastjóra fólst eins og áður að mestu í að viðhalda sýnileika og virðingu RA ses innan fræðasamfélagsins sem og samfélagsins almennt. Það er ekki sjálfgefið að RA ses fái fjármagn frá Ríkinu svo það þarf sífellt að vera vakandi fyrir því að halda nafni hennar á lofti við líklega stuðningsaðila og þá sem veita styrki til rannsókna. Á tímum aukinnar netvæðingar eru störf



tengd þróun og viðhaldi heimasíðu og annarra rafrænna kerfa eins og samfélagsmiðla og samningar um aðgengi að gagnagrunnum sem þjóna akademíunum sívaxandi hluti þess að tryggja sýnileika stofnunarinnar.

Á borði framkvæmdastjóra voru og eru samskipti út á við eins og við Ríkið og aðrar þá sem styrkja stofnunina fjárhagslega. Hann ber ábyrgð á gerð samninga eins og við leigusala húsnæðis hverju sinni, Ríkið, Borgina sem stutt hefur RA frá upphafi, Eflingu sem gerði samning við RA um varðveislu Bókasafns Dagsbrúnar árið 2003 sem og samstarfsaðila innan fræðanna. Samskipti við stjórn og stefnumótun með henni sem og akademíunum og félögum FRA þarf líka að sinna. Það er mikilvægt fyrir framkvæmdastjóra að hafi yfirsýn yfir mannauð í húsi og vera vakandi fyrir samstarfs tækifærum í rannsóknum innanhúss sem og við aðrar stofnanir. Fjárhagsáætlunargerð í samráði við stjórn þarf að sinna og tryggja að hún haldi. Þá þarf að borga reikninga; merkja nótur fyrir bókarann; yfirfara og uppfæra lyklun í bókhaldinu að sjá til þess bókhald og endurskoðun sé í lagi. Halda utan um mannaráðningar og að gera starfs- og eða verktakasamninga við þá sem vinna hjá eða taka að sér verkefnastjórn fyrir RA ses. Þar má nefna ráðningu starfsmanns á Bókasafn Eflingar í samstarfi við stjórn Eflingar og starfsmann á skrifstofu RA ses til að sjá um daglega umsýslu eins og að; leita tilboða í rekstrarvörur og sjá um pantanir á þeim; sjá um kaup á tækjum og tólum ef þarf og halda utan um rekstrarkostnað tengdan leigu og útleigu húsnæðis sem og samninga og innkaup í tengslum við þrif, ruslamál, öryggiskerfi, prentaraþjónustu, net og fleira. Starfsmaður á skrifstofu hafði venjulega einnig þann starfa að fylgjast með stöðu í húsi, gera húsaleigusamninga og taka á móti nýjum leigjendum og halda utan um leigu á sal. Svokölluð daglega umhyggju þjónustu féll einnig í hans hlut. Það að halda utan um kaffistofuna, fylgjast með ruslamálum og salernum svo ekki sé minnst á að redda daglegu kvabbi vegna ljósritunarvélar, nettengingar, öryggiskerfis og svo má lengi telja.



## RannsóknarSmiðja verður til

Frá upphafi markmiðið með ReykjavíkurAkademíunnar sem tvennskunar. Annars vegar að tryggja húsnæði fyrir fræðimenn en hinsvegar að skapa fræðasamfélag og með stofnanasamningnum að veita rannsóknarþjónustu. Þegar Sólveig Ólafsdóttir tók við sem framkvæmdastjóri RA ses árið 2010 setti hún af stað vinnu við að greina hvað þyrfti að gera innan RA ses til að stofnunin stæði undir nafni sem rannsóknar- og nýsköpunarstofnun í menningar-, hug- og félagsvísindum og gæti boðið upp á starfsaðstöðu og rannsóknarþjónustu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn. Hún lagði til að skipta rekstrinum í tvo hluta; daglegan rekstur tengdan útleigu húsnæðis, rekstur sem skyldi með tímanum verða rekstralega sjálfbær og svo rekstur tengdan rannsóknarverkefnum sem komu í hús og eða öðru því sem tengdist rannsóknarþjónustu hlutverki stofnunarinnar. Báðir þessir þættir sköruðust að mörgu leyti en með því að greina á þennan hátt verkefni stofnunarinnar var betur hægt að skoða hvernig fjármagni frá Ríkinu væri best varið og hvaða möguleikar væru á að afla fjármuna annars staðar frá til að standa undir rekstri.

Aðskilnaður reksturs á starfsaðstöðu annars vegar og rannsóknarþjónustu hins vegar var upphafið að umræðu, greiningu og tilraun með rekstur hinnar svokölluðu RannsóknarSmiðju RA ses RaRA. Hlutverk hennar skyldi vera að halda utan um faglega viðburði á vegum stofnunarinnar og fræðimanna innan hennar, að aðstoða þá við öflun styrkja til rannsókna og styðja í hverju því öðru sem styrkt gæti fræðastörf þeirra. Innan RaRA átti einnig að halda utan um rannsóknarskýrslu Ra ses og vinna almennt að því að styrkja ímynd RA ses sem rannsóknastofnunar ekki síst með því að ýta undir sýnileika hennar. Gert var ráð fyrir að ráða starfsmann til RaRA í 50% starfshlutfalli til að sinna, í samstarfi við framkvæmdastjóra, þeim verkefnum sem áætluð voru innan hennar vébanda. Með því þyrfti ekki lengur að treysta á sjálfböðavinnu akademóna sem höfðu nóg á sinni könnu við að sinna fræðunum. Starfsmaður í ákveðnu starfshlutfalli þótti einnig betri

kostur en verkefnaráðning því þannig myndi byggjast upp þekkingu í hús til framtíðar á verkefnum RaRA .

Árið 2011 fékkst sérstakur styrkur frá Menntamálaráðuneytinu til að koma RannsóknarSmiðjunni af stað og var Elsa Eiríksdóttir verkefna ráðin til að gera þarfa- og skilgreiningu á því hvað felst í rannsóknþjónustu hlutverki RA ses. Í kjölfarið var Gunnþóra Ólafsdóttir fengin til að gera tillögur að nánari útfærslu á þeim hugmyndum sem fram komu í skýrslu Elsu auk þess sem hún skyldi aðstoða fræðimenn innan húss við að finna og sækja um rannsóknastyrki. Litlu seinna var höfundur þessarar skýrslu ráðin til að halda utan um viðburði í nafni RannsóknarSmiðju RA ses og styðja akademóna í styrkumsóknum. Árið 2013 var hún svo ráðin í 50% starf sem RannsóknarSmiðjustjóri til að halda utan um þau verkefni sem flokkuðust undir RaRA og þróa áfram starfið innan hennar.

## **Mikilvægir innviðir**

Störf mín sem starfsmaður RannsóknarSmiðjunnar og síðan framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar ses, auk reynslu af því að hafa verið með skrifstofuaðstöðu innanhúss nánast frá stofnun RA, hafa sannfært mig um mikilvægi rannsóknþjónustu hlutverks RA ses. RannsóknarSmiðjan sem farvegur fyrir þennan þátt starfseminnar er ekki síst mikilvæg núna þegar erfitt er að fá stóra rannsóknastyrki án þess að hafa stofnanalegan bakgrunn í rannsóknastofnun eða háskóla. Öflugt starf innan hennar er líka til þess fallið að byggja upp gott orðspor og sterka ímynd RA ses. Þessir tveir þættir, rannsóknþjónusta og gott orðspor stofnunarinnar sem samkvæmt höfundi ætti að heyra undir RannsóknarSmiðu RA ses, ásamt góðri starfsaðstöðu og frjóu fræðasamfélagi eru fjórir



grunnþættir ReykjavíkurAkademíunnar ses og að þeim þarf að hlúa í öllum rekstri til að hún geti staðið undir nafni sem rannsóknastofnun.

Allir hanga þessir þættir saman og geta ekki án hvors annars verið. RA samfélag sjálfstætt starfandi fræðimanna er mannauðurinn sem kennir sig við ReykjavíkurAkademíuna og þessi mannauður er einnig hluti af RA ses. Orðspor stofnunarinnar og trúverðugleiki í samfélaginu sem rannsóknastofnun byggist á vægi þeirra rannsókna sem unnar eru innan hennar vébanda, framlagi hennar til fræðilegrar umræðu í samfélaginu og gæði þeirrar


Fjórir grunnþættir ReykjavíkurAkademíunnar eru rannsóknþjónusta og gott orðspor stofnunarinnar, ásamt góðri starfsaðstöðu og frjóu fræðasamfélagi.

Að þeim þarf að hlúa í öllum rekstri til að hún geti staðið undir nafni sem rannsóknastofnun.

þjónustu og stuðnings sem hún veitir þjónustuþegum sínum. Húsnæðið og starfsaðstaðan eru síðan grundvöllur fyrir framleiðni og samastaður fyrir fræðasamfélag til að blómstra.

Í eftirfarandi köflum verða þessir fjórir þættir skoðaðir nánar. Á sama tíma mun ég velta upp rekstrarlegu samhengi þeirra og þá meðal annars í tengslum við störf sem inna þarf af hendi í tengslum við þá og hugsanlega tekjumöguleika þeim tengdum.





## ReykjavíkAkademían ses - starfsaðstaða

Lífæð ReykjavíkAkademíunnar er húsnæðið sem hún er í hverju sinni. Á meðan hún var í JL-húsinu var leigan það lág á fermetrann að það fór vel um Akademóna. Margir höfðu sína eigin skrifstofu eða tveir til þrír deildu herbergi. Gott pláss var fyrir bókahillur og jafnvel hægindastól eða sófa inn á skrifstofunum. Þegar RA ses flutti í Þórunnartúnið breyttist aðstaðan mikið. Húsnæðið þar er miklu minna enda leigan sem RA ses þurfti að borga fyrir fermetrann mun hærri en í JL húsinu. Þjappa þurfti fólki saman, auka nýtingu á hverju borði og minnka möguleikann á miklum bókahillum og þægindum eins og sófum og hægindastólum. Að auki minnkaði sameiginleg rými umtalsvert. Í útreikningum á framleiguverði varð að gera ráð fyrir 85% nýtingu vinnurýmis að lágmarki á hverjum tíma til að dæmið gengi upp.

Ný aðstaða kallaði á enn skýrara rekstrarskipulag svo hægt væri að standa undir rekstrarkostnaði starfsaðstöðunnar ásamt því að halda uppi öflugri rannsóknþjónustu og viðhalda og styrkja orðaspor RA ses sem rannsóknastofnunar fræðasamfélaginu til heilla.

Stærsta breytingin við flutningana var að sameiginlegt rými sem notað hafði verið fyrir fyrirlestra, málþing og ýmsar samkomur aðrar sem haldnar voru á vegum RA minnkaði mikið. Salurinn í JL húsinu var hjarta stofnunarinnar. Hann var stór og vel til þess fallin að halda ýmiss konar fræðasamkomur sem gerðu stofnunina virka, virta og þekkta. Í Þórunnartúninu var fyrirlestrasalurinn mun minni sem þýddi að minna var um samkomur. Aðkoma að húsnæðinu var einnig erfiðari þar sem engin bílastæði fylgja Þórunnartúninu ólíkt JL húsinu.



Það hefur lengi verið rætt innan RA ses hvort framleiga á borðum eigi að standa undir rekstrarkostnaði húsnæðisins eða hvort nýta eigi hluti af því fé sem kemur úr þjónustusamningi menntamálaráðuneytisins í almennan rekstur. Markmið Sólveigar Ólafsdóttur með að greina á milli reksturs starfsaðstöðunnar og RannsóknarSmiðjunnar miðaðist meðal annars að því að gera starfsaðstöðuna sjálfbæra. Að mati skýrsluhöfundar er það skynsamlegt markmið og mikilvægt að grunnreglan sé sú að framleiga standi undir rekstri húsnæðisins. Ef aftur á móti fræðimaður fær niðurgreiðslu á leigu þá sé það skráð sem styrkur frá RA ses og gert sýnilegt í bókhaldinu. Eðlilegt er að kostnaðurinn við fyrirlestrasal og starfsaðstöðu starfsfólks RA ses sé á kostnað stofnunarinnar en önnur sameiginleg rými eins og gangar, kaffistofa og hreinlætisaðstaða ætti að reikna inn í framleigu á starfsaðstöðu. Þjónustugjald sem leigjendur greiða hefur staðið undir rekstrarkostnaði kaffistofu og þjónustuvers og hefur það gefist vel. Þar má nefna kostnaði við net, kaffi/te, prentara, daglegar rekstrarvörur og veitingar í tengslum við innanhús viðburði.

Ein leið til lækkunar leigu, eitthvað sem er mikilvægt vegna þess að laun sjálfstætt starfandi fræðimanna eru lág, væri ef hægt er að semja við eigendur húsnæðisins á hverjum tíma til að styrkja stofnunina (vera bakhjarlar) í formi lægri leigu og það yrði sýnilegt á pappírurum bæði hjá þeim og RA ses. Það ætti ekki að hafa áhrif á þær rannsóknir sem unnar eru í húsi því eigendur skrifstofuhúsnæðis hafa sjaldnast hagsmuna að gæta í tengslum við niðurstöður rannsókna í menningar, hug- og félagsvísindum en það gæti verið rós í hnappgatið og skilað skattaafslætti í kassann hjá þeim.



## **Skrifstofuaðstaða**

ReykjavíkurAkademían var stofnuð í upphafi til þess að fræðimenn þyrftu ekki að sitja einir heima og vinna heldur hefðu starfsaðstöðu utan heimilis. Eftirfarandi atriði eru grunnurinn að því sem kallast getur skrifstofuaðstaða og svo er það misjafnt eftir einstaklingum hvort að hægt sé t.d. að deila borði með öðrum, hvort þörf er fyrir mikið hillupláss, hversu mikið þarf að nýta ljósritun og skönnun og svo framvegis.

Aðgengi, bæði að vinnustað og innan hans er mikilvægur þáttur í skipulagi RA ses. Það skiptir máli að almenningasamgöngur að stofnuninni séu góðar og möguleiki á bílastæðum þegar haldnir eru viðburðir. Í JL-húsinu þar sem RA ses var áður var gott aðgengi að staðnum hvað almenningssamgöngur og einkabíl varðaði. Í Þórunnartúninu varð aðgengi með almenningsvögnum ennþá betra en gjaldfrjáls bílastæði eru engin og erfitt að finna bílastæði yfirleitt að deginum til. Eitt bílastæði fyrir fatlaða er þó fyrir framan húsið. Þetta gerir þeim sem vilja sækja fundi eða viðburði í húsið á dagtíma erfitt fyrir. Aðgengi inn í húsið sem og innan starfsaðstöðunnar svo fatlaðir jafnt sem ófatlaðir geti starfað í húsinu skiptir líka máli. Í því sambandi þarf að huga vel að lyftum, dyra opnurnum, salernisaðstöðu og þröskuldum svo eitthvað sé nefnt.

## **Aðstaða til fræðirannsókna**

Þegar unnið er að rannsóknum er skrifstofuaðstaða ekki nóg. Aðgangur að heimildum þarf að vera góður sem og aðstaða til fundahalda og miðlunar rannsókna. Auðveldar samgöngur við önnur fræðasamfélög eru einnig mikilvægar. Eftirfarandi atriði þurfa því að vera til staðar til viðbótar skrifstofu aðstöðunni.



Landfræðileg staðsetning RA ses skiptir máli hvað aðgang að söfnum og öðrum fræðastofnunum varðar. Það getur verið ódýrara að finna skrifstofuhúsnæði fyrir stofnunina fjarri miðborginni en flestir þeir sem vinna innan RA ses eru einnig að sækja aðföng í söfn innan borgarinnar sem langflest eru staðsett vestan Kringlumýrarbrautar. Það er því mikilvægt að RA ses sé staðsett nálægt þessum söfnum. Fræðimenn RA ses eru líka í samtali við fræðimenn innan háskólanna. Því er ákjósanlegt að ferðir á milli RA ses og þeirra séu greiðar.



## ReykjavíkúAkademían ses - Fræðasamfélag

Með tilkomu ReykjavíkúAkademíunnar og fasts húsnæðis, þar sem sjálfstætt starfandi fræðimenn gátu leigt sér vinnuaðstöðu, varð til fræðasamfélag sem auðveldaði fræðimönnum að skapa tengsl sín á milli og við fræðastofnanir bæði hér heima og erlendis. Þegar ársskýrslur RA og RA ses eru skoðaðar sést að frá upphafi hafa að jafnaði verið 25-50 leigutakar í húsi hverju sinni og venjulega er næg eftirspurn. Mannauðurinn á bak við ReykjavíkúAkademíuna, samfélag sjálfstætt starfandi fræðimanna í hug- menningar- og félagsvísindum eru allir þeir sem ýmist hafa aðstöðu innan hennar veraldlegu vébanda (RA ses) og eða eru í Félagi ReykjavíkúAkademíunnar (FRA) Einstaklingar fara inn og út úr húsi eftir því hver verkefna staða þeirra er en eru samt áfram hluti af fræðasamfélaginu og nokkrir hafi náð að starfa innanhúss nánast frá upphafi .

RA og seinna RA ses gaf mörgum svigrúm til að láta á það reyna að starfa sem fræðimenn eftir útskrift úr háskólanámi þó að engin starfstækifæri biðu þeirra. Sumir náðu fótfestu innan fræðanna og lögðu fræðastörf fyrir sig undir hatti ReykjavíkúAkademíunnar en aðrir fengu seinna stöðu við Háskóla Íslands, aðrar háskóla eða í fyrirtækjum og stofnunum þar sem fagþekking þeirra nýtist. Alltaf eru nokkrir doktorsnemar með aðstöðu í húsi. Þeir eru ýmist í námi í erlendum háskólum en staddir hér á landi eða þá velja að hafa vinnuaðstöðu í RA í staðinn fyrir HÍ. Um tíma gátu meistaranemar einnig sótt um tímabundna aðstöðu á lágu verði til að vinna að MA ritgerðunum sínum. MA stofan var alltaf vel nýtt og nokkrar ritgerðir komust í höfn.



## Mannauður

Í bók sem Árni Daníel Júlíusson skrifaði í tilefni 10 ára afmælis ReykjavíkurAkademíunnar og kom út 2009 dró hann upp góða mynd af mannlífinu innanhúss fyrst árin. Þessi mynd endurspeglar vel þann mannauð sem verið hefur í húsi alla tíð síðan og er sá mannauður sem mikilvægt er að laða að og halda innan RA ses og FRA.

Fræðasamfélagið í RA var frá upphafi byggt á þverfaglegum grunni. Sagnfræðingar voru lengi vel fjölmennasti hópurinn í hús en á eftir þeim komu bókmenntafræðingar. Margar aðrar fræðigreinar innan hugvísindanna áttu sína fulltrúa eins og heimspeki, bóksafnsfræði, menningarfræði, fagurfræði, dansfræði, fornleifafræði, íslenska og málvísindi. Fólk kom líka úr félagsvísindum eins og mannfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði, sálfræði, hagfræði, viðskiptafræði, kynjafræði og þjóðfræði auk þess sem uppeldisfræðingar, lögfræðingar, guðfræðingar, erfðafræðingar, verkfræðingar, matvælafræðingar, tölvunarfræðingar og talmeinafræðingar áttu sína fulltrúa. (Árni Daníel 8-11) Þessi fjölbreytti mannauður bauð upp á hugmyndafræðilega gerjun í gegnum þverfaglegar og fjölbreyttar umræður og tengsl.

Félög og stofnanir tengdar þessum fræðigreinum eins og Sagnfræðingafélagið, Félag heimspekinga og Félag þjóðfræðinga voru með heimilisfestu í RA, gátu nýtt fundar- og fyrirlestra aðstöðuna og höfðu sitt pósthólf. Þetta hefur eitthvað breyst í tímans rás en var gjöfufull viðbót við daglegt starf í húsinu.

Nokkur minni samtök og stofnanir voru og eru með skrifstofuaðstöðu í RA eins og Hagbenkir, Mirra rannsóknarmiðstöð um málefni innflytjanda og alþjóðlegra búferlaflutninga, Miðstöð einsögurannsókna, Sögusmiðjan, Leikminjasafnið, Stílvopnið, Collegium musicum, Verba alþjóðlegt þýðingafyrirtæki, Lýðræðissetrið, rannsóknarstofnun um mannlegt atferli, Markmál, þýðinga og textaráðgjöf, Kvika heimildamyndamiðstöð,

Veftímaritin Kistan, Hugsandi og Glíman svo einhver séu nefnd. Meira að segja Háskólastofnanir hafa verið með útbú innan RA en Háskólinn í Bifröst leigði lengi herbergi fyrir kennarana sína sem bjuggu í bænum.

Frá upphafi voru ekki aðeins stundaðar fræðilegar rannsóknir innan vébanda RA og greinilegt að þörfin fyrir starfsaðstöðu fyrir fólk með háskólamenntun í hug- og félagsvísindum almennt var mikil. Innan RA starfaði fólk við prófarkalestur, túlkun, þýðingar, ritstjórn og gerð fræðirita almenns eðlis sem og kennslugagna. Margir úr menningargeiranum sóttu einnig í félagsskapinn í JL húsinu og seinna Þórunnartúninu eins og rithöfundar, kvikmyndagerðarfólk, leikstjórar, ljósmyndarar, myndlistamenn, listfræðingar, arkitektar og sýningahönnuðir. (Árni Daníel 8–11)

## **Vinnustaður**

Fyrir marga þá sem leigja sér aðstöðu í RA ses er félagsskapurinn mikilvægasta ástæða verunnar þar. Áður hafði fólk setið eitt heima við borðstofuborðið að vinna að sínum verkefnum og finnst því gott að koma í samfélag við annað fólk sem vinnur að svipuðum málum. Ekki skemmir að því fylgja árshátíðir, þorablót, ferðir og hvaðeina það sem tilheyrir skemmtilegum vinnustað.

Kaffistofan er mjög mikilvægur þáttur í því að skapa þetta samfélag. Á kaffistofunni myndast persónuleg og fagleg tengsl á milli manna sem oft leiða til gjöfuls samstarfs í tengslum við fræðin eða önnur þau verkefni sem fólk er að vinna að. Sameiginleg mataraðstaða og félagslíf innan vinnustaðar eykur möguleikann á því að eignast samstarfsfélaga sem hægt er að ræða við um fagleg efni og nálægðin og notkun á sameiginlegu rými skapar tækifæri til að leita aðstoðar frá jafningjum og eða reyndari fræðimönnum við hvað það sem unnið er við hverju sinni. Skipulegir en óformlegir fundir

innanhus eins og Öndvegiskaffi, þar sem menn geta kynnt verkefni sín og fengið athugasemdir og umræðu við aðra í húsi sem og fræðst um hvað aðrir eru að gera, hefur einnig örvandi áhrif á vinnu hvers og eins.

Það myndast ekki gott fræðasamfélag nema að það sé vel haldið utan um fólk í húsi og aðstaðan þar sé hugguleg og snyrtileg. Almenn umhyggju þjónusta þarf því að vera góð til að fólki líði vel og finnist það tilheyra. Það krefst vinnu að skapa þægilegt andrúmsloft á vinnustað og því betri sem sú vinna er unnin því ósýnilegri er hún. Akademónar hafa skipt ýmsum verkefnum eins og sýslumennsku á milli sín sem hefur gengið en það að hafa starfskraft í húsi sem dekrar aðeins við þá sem velja að leigja sér aðstöðu getur margborgað sig í auknum fræðilegum gæðum og afköstum.

Það krefst vinnu að skapa þægilegt andrúmsloft á vinnustað og því betri sem sú vinna er unnin því ósýnilegri er hún.



## ReykjavíkurAkademían ses – RannsóknarSmiðjan

Í köflunum hér á undan hefur verið dregin upp mynd af ReykjavíkurAkademíunni sem varð til sem samfélag sjálfstætt starfandi fræðimanna í lok síðustu aldar en þróaðist í að verða sjálfseignarstofnun, frá árinu 2006, með styrk frá Ríkinu og skyldur sem “rannsóknar- og nýsköpunarstofnun í menningar-, hug- og félagsvísindum sem veitir vísindamönnum í sjálfstæðum rannsóknum starfsaðstöðu og rannsóknarþjónustu” (Stjórnarráðið ... 2014). Til þessa hefur verið fjallað um ytri umgjörð stofnunarinnar, starfsaðstöðuna og mannauðinn. Í þessum kafla verður sjónum beint að rannsóknarþjónustu hlutverki ReykjavíkurAkademíunnar en frá 2011 fékk sú þjónusta farveg innan stjórnskipulags RA ses undir hatti RannsóknarSmiðju RA ses, RaRA. Umfjöllunin byggir á skýrslu Elsu Eiríksdóttur og Gunnþóru Óladóttur sem fengnar voru á sínum tíma til að skilgreina eðli og umfang rannsóknarþjónustu RA ses og reynslu höfundar þessarar skýrslu af því að starfa sem starfsmaður RaRA.

Þegar sjálfseignarstofnunin, ReykjavíkurAkademína ses var stofnuð árið 2006 með stofnanasamningi við Ríkið opnaðist möguleiki á að ráða framkvæmdastjóra og manneskju á skrifstofu í launað starfshlutfall. Þegar Elsa Eiríksdóttir var ráðin til að gera þarfagreiningu á rannsóknarþjónustu hlutverki RA ses var sótt um sérstaka fjárveitingu til að koma RannsóknarSmiðjunni af stað og geta haft starfsmann á launum innan hennar. Um leið var reksturinn endurskoðaður til að skapa fjárhagslegan farveg fyrir þetta nýja verkefni. Þar þurfti ekki aðeins að færa fé á milli verkefna heldur einnig að huga að nýjum leiðum til fjármögnunar eins og nýjum styrkjaleiðum en einnig leiðum til að ná fleiri rannsóknum í hús sem gæfu með sér umsýslugjald.

Markmiðin með stofnun RannsóknarSmiðjunnar voru nokkur eins og að minnka sjálfbæðavinnu á fræðimönnunum sjálfum, standa betur að baki þeirra við styrkumsóknir og ekki síst að auka sýnileika stofnunarinnar sjálfrar. Þannig færðust viðburðir sem haldnir

höfðu verið vegna frumkvæðis og elju félagsmannanna sjálfra og framkvæmdir í sjálfboðavinnu yfir á starfsmann RaRA. Með því að minnka ólaunuð störf félagsmanna skapaðist betri skilyrði fyrir fræðimennina að sinna eigin rannsóknum og til yrði verðmæt þekking í húsi í að sinna þessum málefnum. Hægt var að standa betur við bakið á þjónustuþegum RA ses í styrkumsóknum með því að lesa yfir umsóknir og hvetja og benda á styrkjamöguleika ásamt því að kynna fyrir þeim þann stofnanalega bakgrunn sem stóru samkeppnissjóðirnir krefjast að fræðimenn hafi til að halda utan um styrkfé frá þeim og RA ses getur veitt. Vinna innan RaRA var síðan ekki síst til þess að stuðla að sterkri ímynd og sýnileika stofnunarinnar sjálfrar og fræðimanna innan hennar.

## **Ímynd og sýnileiki**

Sýnileiki og gott orðspor er forsenda þess að fræðimenn fái verkefni og styrki til rannsókna og ekki síður forsenda þess að ReykjavíkurAkademían ses geti staðið undir nafni sem rannsóknastofnun og stofnalegur bakhjarl fyrir fræðimenn. Hér á eftir verður fjallað um þær áskoranir sem RA ses stendur frammi fyrir við að tryggja sýnileika, bæði stofnunarinnar og þeirra sem vinna innan hennar vébanda og stuðla að sterkri ímynd hennar innan fræðaheimsins og samfélagsins almennt.

## **Virk heimasíða - upplýsingagjöf**

Virk heimasíða er grunnur að stafrænum sýnileika stofnunarinnar. Þar þurfa að vera upplýsingar um fræðilega virkni félaga FRA, akademóma og RA ses eins og hvaða rannsóknarverkefni eða önnur verkefni eru í gangi og hvaða viðburðir eru á döfinni eða hafa farið fram í formi málþinga, ráðstefna, fyrirlestra, útgáfu og fleira. Á heimasíðunni þarf einnig að vera hægt að finna útdrætti úr greinum, bókum, heimildapáttum og öðru því efni/rannsóknum sem unnin hafa verið af fræðimönnum RA og tilvísanir í hvar hægt er að



finna efnið í heild sinni. Árleg, rafræn rannsóknarskýrsla gæti verið góð leið til að koma þess konar upplýsingum á framfæri. Upplýsingar um mannauð RA ses og FRA hverju sinni eru einnig kjarna upplýsingar til að hafa á heimasíðunni. Þar væri mikilvægt að félagsmenn/akademónar geti skráð hvaða rannsóknarefni þeirra eru og hvaða annars konar fagþekkingu þeir hafa fram að færa eins og: Ritrýni, ritstjórn, verkefnastjórn í tengslum við málþing og ráðstefnur, prófarkalestur með áherslu á málfræði/stafsetningu eða yfirfara greinar með tilliti til málfars, þýðingar á fræðilegu efni, túlkun, myndaritstjórn og svo framvegis.

Það skiptir einnig máli að hægt sé að gera undirsíður fyrir verkefni eða viðburði í húsi. Bæði er það þjónusta sem hjálpar þjónustugefum en er einnig virðisaukandi fyrir RA ses sjálft. Virkni á samfélagsmiðlum verður síðan mikilvægari með hverjum deginum ekki síst til að ná til yngri fræðimanna.

Á heimasíðu má finna:  
Öfluga fréttaveitu.  
Rannsóknarskýrslu.  
Upplýsingar um mannauð í húsi og í FRA.  
Undirsíður fyrir stærri verkefni og viðburði í húsi.

Til viðbótar við virka heimasíðu er mikilvægt að RA ses hafi virkar upplýsingaveitur bæði í gegnum netpóst sem og aðra samfélagsmiðla. Fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn eða þá sem stefna að því að starfa þannig er mikilvægt að vera innan tengslanets þar sem



upplýsingar eru veittar um atvinnu-, styrkja og námstækifæri, ráðstefnur, málþing, fyrirlestra, útgáfur og fleira áhugavert sem er að gerast innan fræðaheimsins. Gott dæmi um upplýsingaveitur sem notaðar hafa verið innan RA ses og hafa virkað vel eru netfangalistarnir Forum (listi yfir félaga FRA) og Akademónar (listi yfir fólk í húsi). Þeir hafa ekki aðeins verið nýttir til að dreifa upplýsingum um hvað er að gerast innan fræðanna og innan RA ses heldur einnig til að fá upplýsingar frá meðlimum FRA og Akademínum um áhugaverð tækifæri og viðburði sem nýst geta öðrum félögum fræðasamfélagsins. Gamaldags korktafla innanhúss getur einnig verið góð til síns brúks.

Þar sem Bókasafn Dagsbrúnar hefur verið til húsa í ReykjavíkurAkademíunni hefur bókasafns- og upplýsingafræðingur í hlutastarfi verið með starfsstöð innan ReykjavíkurAkademíunnar til að halda utan um safnið. Um nokkurt skeið var einstaklingurinn sem vann við bókasafnið einnig með starfsskyldur við RA ses og hafði þar af leiðandi stærri starfshlutfall. Verkefni sem vinna þarf fyrir RA ses og gott er að hafa upplýsingafræðing til að vinna eru ekki síst tengd heimasíðu stofnunarinnar. Það þarf að setja inn fréttir, setja inn upplýsingar um rannsóknarverkefni og viðhalda réttum upplýsingum um mannauð í húsi sem og félaga FRA. Það þarf líka að auglýsa viðburði og rannsóknaniðurstöður og sjá um að varðveita upplýsingar um þessa viðburði og rannsóknarverkefni á heimasíðunni. Það er mikilvægt að upplýsingafræðingur í húsi geti gert einfaldar undirsíður fyrir rannsóknarverkefni sem þessa óska og einnig viðburði sem haldnir eru í samstarfi við RA ses. Gott dæmi um þess konar vinnu er undirsíðan <https://nofodrvk2015.akademia.is/>. Síðan var gerð fyrir dansráðstefnu sem haldin var hér á landi vorið 2015 á vegum NOFOD, Nordic Forum for Dance research í samstarfi við LH'I í hvers húsakynnum viðburðinn var haldinn og RA ses sem sá um gerð heimasíðunnar, utan um hald um skráningar og greiðslur ráðstefnugjalda og umsýslu fjármála ráðstefnunnar. Tilvist upplýsingafræðings í húsi og möguleikinn á að gera undirsíður við akademíu síðuna án endurgjalds varð samstarfinu gjöfult auki þess sem samningar RA ses við

greiðslukortafyrirtæki gerði að auðvelt var að opna fyrir rafrænar skráningar og greiðslur eitthvað sem NOFOD hafði ekki forsendur til. Það sama mátti segja um fjármál ráðstefnunnar. Styrkir sem fengust fyrir ráðstefnuna frá Nordic Kulturfond og öðrum fóru í gegnum reikning RA ses sem viðurkenndrar fræðastofnunar með löglega bókhaldsþjónustu og endurskoðun en stofnunin fékk í sinn hlut umsýslugjald innifalið í fjárhagsramma ráðstefnunnar. Það er ekki óeðlilegt að upplýsingafræðingur í húsi halda utan um netmiðla stofnunarinnar og einhver þarf að halda upplýsingaveitunum, forum og akademíunum, virkum svo að félagar fái og geti miðlað upplýsingum um áhugaverði fræða viðburði, stöður og styrki. Það annað sem þekking upplýsingafræðings gæti nýst vel, í samvinnu við framkvæmdastjóra, er við gerð rannsóknarskýrslu RA ses sem mikilvægt er að gera á hverju ári eða annað hvort ár.

## Rannsóknarskýrslur

Frá upphafi hefur verið reynt að halda utan um alla starfsemi í húsi með gerð rannsóknarskýrslu. Þegar vel hefur tekist til eru þessar skýrslur mikilvægur vitnisburður um framleiðni innan RA ses bæði í formi afurða og viðburða og grundvöllur þess að tryggja sýnileika stofnunarinnar og fræðimanna innan hennar vébanda. Ef litið er til fyrsta áratugs RA má sjá að afköst akademóna voru mikil þrátt fyrir að ReykjavíkurAkademían sjálf krafðist mikillar vinnu af fólki. Ef rannsóknarskýrslur frá þessum tíma eru skoðaðar sést að afköst fræðimanna innan ReykjavíkurAkademíunnar var á pari við afköst innan deilda háskólans. Ritryndar fræðigreinar komu út, fræðibækur sem og bækur almenns eðlis voru skrifaðar auk þess sem kvikmyndir, tónverk, skáldsögur, ljóð og ýmislegt annað varð til. (Árni Daníel, 2009 bls. 13) Afurðirnar voru bæði útkoma lítilla og stórra sjálfstæðra rannsókna sem fræðimenn höfðu fengið styrki til að vinna en einnig bækur, greinar eða skýrslur sem

einstaklingar höfðu verið beðnir að gera á launum hjá verkkaupa. Margir akademónar unnu við stundakennslu í Háskóla Íslands, enda stór hluti kennslu innan HÍ keyrð á þann hátt og var og er kennslan ein afurðin af því starfi sem fer fram innan Akademiunnar. Stundakennslan er einnig tækifæri fyrir fræðimennina til að koma hugmyndum sínum og niðurstöðum á framfæri við komandi kynslóðar fræðimanna.

Hér eru svo ótaldar þær afurðir sem tengdust til dæmis þýðingum, prófarkarlestri hverskonar og annarri þeirri sérfræðivinnu sem unnin var í húsi án þess að geta flokkast sem hrein fræðistörf. Auk þess sem viðburðir á vegum einstakra fræðimanna og eða Akademiunnar sjálfrar eins og fyrirlestrar, málþing, fundaraðir, námskeið og ráðstefnur telja. Meðal annars hafa verið fengnar kanónur í ákveðnum fræðum til landsins til að taka þátt í málþingum um ákveðin efni sem oft á tíðum tengjast nýjum hugmyndum sem ungrir fræðimenn höfðu kynnst í sínu námi en voru ekki sýnilegar hér í fræðaheiminum.

## **Viðburðahald**

Styrkur ReykjavíkurAkademiunnar sem stofnunar hefur í gegnum tíðina ekki síst legið í því að hún hefur gert fræðin sýnileg almenningi. Innan RA og seinna RA ses hefur verið staðið fyrir námskeiðum, fyrirlestrum, málþingum og almennum samfélagslegum umræðum um þau mál sem hæst ber hverju sinni í samfélaginu. Þar hafa fræðimenn innan hennar raða komið fram en einnig innlendir og erlendir sérfræðingar,oft á tíðum stór nöfn í fræðunum. Á fyrstu árum akademíunnar voru það fræðimennirnir sjálfir sem stóðu fyrir þess konar viðburðum og unnu við undirbúninginn launalaust eða launalítið en þegar RannsóknarSmiðjan var stofnuð voru verkefni sem þessi í höndum starfsmanns hennar.



Viðburðirnir gerðu ekki aðeins fræðin sýnileg fyrir almenningi heldur höfðu mikil áhrif á sýnileika akademóna og Akademiunnar sjálfra og eru að mati höfundar þessarar skýrslu einn af mikilvægustu þáttunum í að viðhalda og styrkja orðspor RA ses sem rannsóknastofnunar og koma fræðimönnum innan hennar á framfæri.

Fyrsta verkefnið í nafni RaRA var málþing í Norræna húsinu árið 2011 í tilefni þess að bókin *Iceland and Images of The North* í útgáfu ReykjavíkurAkademiunnar og Presses de l'Université du Québec kom út í ritstjórn Sumarliða R. Ísleifssonar meðal annarra. *INOR, Ímyndir Norðursins* eins og verkefnið var kallað hlaut öndvegisstyrk úr Rannís og var unnið að langmestu leyti af fræðimönnum innan ReykjavíkurAkademiunnar. Sesselja G. Magnúsdóttir var verkefnaráði til að skipuleggja málþingið og síðan fleiri viðburði á vegum stofnunarinnar og félagsmanna hennar en 2013 var hún ráðin í 50% stöðu sem starfsmaður RaRA en þá bættist aðstoð við Akademóna í styrkjaumsóknum við viðburðastjórnina. Þegar Sesselja tók við við stöðu framkvæmdastjóra RA ses vorið 2014 í afleysingum fyrir Sólveigu Ólafsdóttur var enginn ráðinn í hennar stað en hún hélt aftur á móti boltum RaRA áfram á lofti eins og hægt var á meðan hún sinnti starfi framkvæmdastjóra til ársloka 2016.

Margir vel heppnaðir viðburðir sem báru hróður Akademiunnar og fræðimanna innan hennar víða voru haldnir undir merkjum RaRA. Eftirfarandi eru dæmi um og tillögur að viðburðaformum sem vert er að endurvekja og eða halda áfram með.

- 1) Málþing undir nafninu H-21, hugmyndir tuttugustu aldarinnar þar sem nýdóttar úr ólíkum greinum voru fengnir undir stjórn starfsmanns RaRA til að hittast og finna sameiginlegt þema til að fjalla um út frá mismunandi sjónarhornum. Samtal þátttakandanna í aðdraganda málþingsins var mikilvægur hluti af heildar hugmyndinni.



- 2) Samstarfsráðstefnur eins og málþingið *Menntun til framtíðar* með Fræðagarði; Borgarráðstefnurnar eins og til dæmis *Valdefling – skapandi aðferðir í vinnu með fullorðnum og Ájaðrinum? Ráðstefna um óleyfisbúseti í atvinnuhúsnæði*.
- 3) Fundaraðir um mál sem eru ofarlega á baugi í samfélaginu á hverjum tíma og fá bestu fánlegu fræðimenn til að fjalla um málefnið dæmi eru: *Varavinnuafl eða vannýtt auðlind fundarröð um innflytjendamál*. Í Samstarfsráðstefnur og fundaraðir eins og nefnd er í lið 2 og 3 er venjulega auðvelt að fá samstarfsaðila sem gerir að kostnaður leggst ekki nema að litlu leyti á ReykjavíkurAkademíuna þó að verkefnastjórn geti verið í hennar höndum.
- 4) Málstofur þar sem stefnt er saman fræðimönnum á mismunandi stigum til að ræða og fjalla um tiltekið efni. Efnið gæti annað hvort verið eitthvað sem starfsmenn og stjórn RA ses fyndist ástæða til að taka fyrir eða þá að málstofa væri tengd rannsóknarverkefni í húsi eða þemu því tengdu. Utanumhaldið væri á hendi RaRA en val á þátttakendum og tengsl við þá gætu gjarnar verið á hendi fræðimanna eða hvers þess sem vildi standa að málstofu.
- 5) Námskeið á vegum fræðimanna innan RA ses þar sem þeir geta komið niðurstöðum rannsókna sinna á framfæri og námskeið fyrir akademóna um efni sem gagnast þeim í sinni vinnu.

Viðburðahaldið skapar ekki aðeins sýnileika heldur ekki síður tengsl á milli fræðimanna og RA ses og annarra stofnana. Gott samstarf við aðrar rannsóknastofnanir eða þá félög eins og Fræðagarð sem eiga svipaðra hagsmuna að gæta og RA ses styrkir einnig bakland RA ses og tækifæri fyrir fræðimenn innan hennar til að láta ljós sitt skína. Fjárhagslega þarf kostnaðurinn við þessa viðburði ekki endilega að felast í miklu meira en launum starfsmanns/starfsmanna á vegum RannsóknaSmiðjunnar. Spekileki er alvarlegur vandi við rekstur stofnunar eins og RA – ses og því er mikilvægt að ráða starfsmenn við RaRA til lengri tíma og skapa starfsteymi sem getur komið hlutum í verk. Það er mikilvægt að hafa einstakling í vinnu innan RaRA sem hefur reynslu og þekkingu á viðburðastjórnun og safnar



líka ásamt framkvæmdastjóra þekkingu á þeim mannauð sem er í húsi og skapar góð tengsl út á við, við hugsanlega samstarfsaðila.

## Útgáfa

Í þessari skýrslu er lagt til að útgáfu sé haldið í lámarki innan RA ses. Aftur á móti sé aflað þekkingar á blöðum og tímaritum sem eru eftirsóknarverður kostur til útgáfu á niðurstöðum þeirra rannsókna sem fræðimenn eru að vinna að innan stofnunarinnar sem og hvernig best er að huga að útgáfu rannsóknarniðurstaðna eða koma þeim á framfæri á annan hátt. Þó má hugsa sér að nýta að einhverju marki þá farvegi sem nú þegar eru til útgáfu innan stofnunarinnar.

Í árdaga stóð ReykjavíkurAkademían fyrir nokkurri útgáfu. Þar má þar nefna Ritröðina *Íslensk menning* sem gefin er út af Hinu Íslenska bókmenntafélagi og ReykjavíkurAkademíunni og er ennþá við lýði og ritröðina *Atvik* safn rita sem var „ætlað að draga fram athyglisverðar hræringar í menningarlífi hér landi og erlendis, skýra þær og skilgreina.“ (mbl.is/greinasafn...2000) Veftímaritið *Kistan* var einnig til húsi í RA á sínum tíma svo dæmi séu tekin. Að vera útgáfa er þó varla eftirsóknarvert fyrir RA ses eins og staða er í dag þar sem það er kostnaðarsamt og stór viðbót við annað starf innan húss. Það má samt velta fyrir sér hvort halda eigi áfram með *Atvik*. Það er að einstaklingar innan húss geti gefið út söfn þýddra eða frumsaminna greina um tiltekin fræðasvið undir hatti Atviks.

Það má sjá fyrir sér Atviksbók um dans rannsóknir, um hinsegin fræði, um myndlist/listir í menntun og sem meðferða úrræði svo eitthvað sé nefnt. Það yrði þó alltaf að huga vel að kostnaði og best að Atvik yrði fyrst og fremst regnhlífirheiti þar sem fjárhagsleg ábyrgð yrði

sameinleg RA ses og þeim sem vildu nýta sér ritröðina til útgáfu. Áhugasamir myndu þá í samstarfi við RaRA sækja um styrki til að gefa út undir þessu fyrirfram skilgreinda hugtaki. Það má líka hugsa sér að RA ses haldi úti rafrænu tímarit, á svipuðum nótum og *Hugrás*, en veigameira, þar sem akademónar og félagar RA geta komið hugmyndum sínum og rannsóknum á framfæri án þess að krafist sé ritrýni efnis. Eitt af því sem einkennir ReykjavíkurAkademíuna, samfélag sjálfstætt starfandi fræðimanna er að þar eru stundaðar rannsóknar sem talist geta til nýjunga í kenninganotkun, rannsóknaraðferðum og efnistöðum. Dæmi eru um að niðurstöður þessara rannsókna hafi átt undir högg að sækja í fræðilegri umræðu meðal annars vegna þess að þær gangrýna viðteknar hugmyndir eða varpa nýju ljósi á áður viðurkennd “sannindi”. Að koma nýjum hugmyndum á framfæri getur því verið vandkvæðum bundið.

Eins og staðan er núna er ritrýni jafningja forsenda þess að fræðimenn fái greinar sínar birtar í fræðilegum tímaritum. Það fyrirkomulag er í grundvallaratriðum gott og mikilvæg leið til að viðhalda fræðilegum standard í útgáfu rannsóknaniðurstöðna en hún hefur einnig sína vankanta. Krafa um ritrýni getur auðveldlega orðið til að viðhalda valdi ákveðinna einstaklinga og stofnana innan ákveðinna fræðasviða og komið í veg fyrir að nýjar aðferðir og hugmyndir fái brautargengi. Í litlu samfélagi eins og Íslandi hafa fáir og jafnvel aðeins einn sérfræðipækkingu innan hvers fræðasviðs og getur verið erfitt að finnan einstakling til að ritrýna ákveðin efni. Það er einnig sú hættu að ólíkar skoðanir og samkeppni innan fræðasviðs hafi áhrif á dóm rýnanda, að sömu einstaklingarnir séu sífellt að lesa hjá hvorum öðrum og að ekki sé hægt að halda nafnleynd á hver sé höfundar greina/bóka vegna þess að allir vita hver er að rannsaka hvað.



## **Þjónusta vegna styrkumsókna**

Í mörgum af þeim rannsóknarsjóðum sem er eftirsóknarvert fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn að sækja í til dæmis Rannís, er það skilyrði fyrir umsókn að umsækjandi sé með viðurkennda rannsóknarstofnun á bak við sig. Allir fjármunirnir ef þeir fást fara þá í gegnum rannsóknarstofnunina en styrkjum fylgja ákveðið umsýslugjald. RA ses er á lista yfir viðurkenndar rannsóknarstofnanir bæði hjá Rannís, Evrópusambandinu og EEA og er búin að vera um nokkra hríð en er í harðri samkeppni við Háskóla Íslands og fleiri háskóla og rannsóknarstofnanir um fjármagnið sem þar fæst. Eitt af þeim verkefnum sem flokkuðust undir RannsóknarSmiðjuna var aðstoð við fræðimenn að finna og sækja um rannsóknastyrki. Starfsmaður RaRA og framkvæmdastjóri veitti þá:

- 1) Stuðning við leit að fjármögnun. Hlutverk starfsmanns RaRA í því sambandi var að:
  - a. Hafa þekkingu á og fylgjast með styrkjaumhverfinu upp á styrkjamöguleika
  - b. Aðstoð við gerð ferilskrár
  - c. Yfirllestur umsókna og að skapa samtal á milli fræðimanna hvorum öðrum til stuðnings
  - d. Þekking á mögulegum samstarfsaðilum
  - e. Fylgjast með vísindalegu auðmagni innanhúss og innan félagsins upp á að geta bent á möguleg tækifæri fyrir akademóna að komast í samstarfsverkefni og eða bent samstarfsaðilum sem leita til stofnunarinnar á mögulega kándidata innan Akademíunnar.
  - f. Efla samvinnu og samstarf við aðrar rannsóknastofnanir um að nýta þau sóknarfæri sem felast í styrkumsóknum í stóru Evrópusjóðina.

- 2) Stuðning við fjármál



- a. Fjárhagsáætlanir
  - b. Rekstrarbókhald
  - c. Endurskoðun
  - d. Fjárhagslegar áfangaskýrslur
- 3) Stuðning vegna útgáfumála - þekking á útgáfu möguleikum
- 4) Stuðningur við kynningarmál – þekking í húsi
- a. Sýnileiki, sjá kaflann hér á undan undir því nafni
  - b. Auglýsing og kynning viðburða á vegum rannsóknarverkefna
  - c. Aðstoð við skipulagningu viðburða í tengslum við rannsóknarverkefni, fyrirlestra, málþinga, ráðstefnu, fundaraða ...
  - d. Aðstoð við upptökur og miðlun á efni málþinga og ráðstefna

## ReykjavíkurAkademían - Stofnanalegur bakhjarl

Það sem einkennir sterkan stofnanalegan bakhjarl er allt það sem er fjallað um hér á undan, styrk fjármálaumsýsla, góð starfsaðstaða, rannsóknarþjónusta, sýnileiki og gott orðspor stofnunarinnar. Þessir þættir og þá ekki síst sýnileikinn og orðspor stofnunarinnar eru líka forsendan fyrir því að fá sterka samstarfsaðila í rannsóknarverkefni. Ef að fræðimaður leitar til RA ses sem bakhjarl að rannsókn eða verkefni þá gerir hann ráð fyrir að:

- 1) RA ses tryggi viðunandi starfsaðstöðu fyrir rannsakendur að leigja
- 2) RA ses bjóði upp á rannsóknarþjónustu
- 3) RA ses tryggi viðurkennda fjárhagslega umsýslu verkefna
- 4) RA ses geti boðið upp á aðra þá umsýslu sem nýtist verkefnum
- 5) RA ses tryggi sýnileika verkefna og fræðimanna



- 6) RA ses styðji við miðlun niðurstaðna rannsókna í því formi sem hentar rannsókn hverju sinni

Á móti er mikilvægt að:

- 7) Fræðimenn kenni sig við RA ses
  - a. Í fyrirlestrum, ráðstefnu umsóknum, viðtölum ...
  - b. Þeir noti glærur og bréfsefni með lógói RA ses í fyrirlestrum og kynningum
  - c. RA ses sé getið þegar niðurstöður rannsókna eru kynntar

Styrk rannsóknþjónusta eykur ekki aðeins möguleika fræðimanna og annarra þeirra sem sækja í styrkjasjóði eftir fé fyrir fræðastörf eða annarskonar verkefni heldur getur einnig verið tekjulind fyrir RA ses. Umsýslugjald sem fylgir öllum stærri rannsóknarstyrkjum núorðið myndi nýtast mjög vel til að efla þjónustu við þá sem þurfa. Það skiptir miklu máli fyrir ReykjavíkurAkademíuna að fá stór rannsóknarverkefni í hús þar sem umsýslugjald fylgir og mikilvægt að róa að því öllum árum að það takist.

Umsýslugjald eru fjármunir sem fylgja rannsóknarstyrkjum og á að standa straum af þeim kostnaði, meðal annars launum, sem fylgir rannsókninni sem tengist ekki fræðilegri vinnu heldur snýr að utanumhaldi hennar. Það er að halda utan um fjármuni verkefnis, greiða reikninga, bóka og endurskoða, kynna rannsóknina, halda utan um málstofur, málþing og ráðstefnur tengdar rannsóknum innan þess ramma sem fjármagn leyfir, kostnaður við aðstöðu og stofnanalegan bakgrunn. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir RA ses að geta haft umsýslu með stærri rannsóknum en til þess að svo megi verða þarf starfsþekkingu í hús og starfsfólk til að annast umsýsluna. Ein af mikilvægustu vaxtarsprotum RA ses er að efla færni og hæfni í húsi til að stofnunin geti verið viðurkenndur bakhjarl fyrir hvers konar rannsókna- og samstarfsverkefni og samstarfsaðili eða bakhjarl málþinga og viðburða og fengið



umsýslugjaldið í sinn hlut fyrir þá vinnu. Eftir því sem þekking á og geta til að vera bakhjarl eykst verður RA ses eftirsóknarverðari til að sinna því starfi. Það ætti að vera eitt af meginmarkmiðum RA ses að ná stórum rannsóknarverkefnum í hús þar sem einn eða fleiri fræðimenn sem starfa innan RA ses taka þátt að minnsta kosti vera samstarfsaðili í stórum rannsóknum. Bæði myndi það gefa af sér umsýslugjald sem styrkti stofnuna í að tryggja þekkingu og aðstöðu innan stofnunarinnar til að veita fjárhagslega og faglega umsýslu þess konar verkefna og auka sýnileika og hennar og orðspor.

Það eru dæmi um minni verkefni sem hlotið höfðu Erasmus+ styrki þar sem RA ses fékk umsýslugjald fyrir að vera bakhjarl og sá um umsýslu eins og Digital storytelling sem Salvör Aradóttir og Ólafur Hrafn Júlíusson stóðu að og samstarfsverkefni Bjargar Árnadóttur um valdeflandi kennslu fullorðinna. Það er því reynsla í húsi sem vert er að byggja.

## Lokaorð

Í skýrslunni hér á undan hefur verið farið yfir undirbúning, stofnun og starfsemi hinnar svokölluðu RannsóknarSmiðju RA á tímabilinu 2011 til 2016 eða þau ár sem höfundur þessarar skýrslu var starfandi innan RA ses fyrst sem starfsmaður RaRA og síðan framkvæmdastjóri RA ses. Lýst er hvernig RaRA þróaðist innan RA ses sem skilgreindur farvegur fyrir rannsóknarþjónustu hlutverk stofnunarinnar og hvernig tilvist hennar tengist inn í annan rekstur RA ses því að allt hangir þetta saman.

Árið 2011 var lagður grunnur að því sem kallað hefur verið RannsóknarSmiðja (RaRA) ReykjavíkurAkademíunnar sem farvegur fyrir rannsóknarþjónustu hlutverk



ReykjavíkurAkademíunnar ses sem rannsóknarstofnunar með fjárframlög frá Ríki og borg. Lögð var vinna í að skilgreina hverjar þarfir sjálfstætt starfandi fræðimanna voru bæði hvað viðkom starfsaðstöðu og rannsóknþjónustu og hvernig þeim væri best mætt. Í framhaldinu var hagrætt í rekstri til að hægt væri að ráða starfsmann á launum við að vinna ýmis þau störf sem félli undir starfsemi RaRA og leita nýrra leiða í fjármögnum sem styrkt gæti þessa vinnu. Þar var ekki síst haft í huga að léttu þyrfti ábyrgð af herðum fræðimannanna sjálfra sem hingað til höfðu unnið að verkefnum þessu tengdu oft í sjálfböðavinnu eða fyrir litla þóknun. Rekstralega var gert ráð fyrir að skilja á milli reksturs starfsaðstöðu sem ætti að vera næsta sjálfbær og rekstrarkostnaðar við ímyndarsköpun stofnunarinnar og rannsóknþjónustu við fræðimenn. Að auki var horft til þess að ná rannsóknarverkefnum í hús sem nytu styrkja úr samkeppnissjóðum eins og Rannís því þeim fylgja umsýslugjald.

RannsóknarSmiðjan var virkur þáttur í rekstri RA ses að minnsta kosti til ársloka 2016 en innan hennar flokkaðist fyrst og fremst, utan um hald viðburða á vegum RA ses og fræðimanna innan hennar auk aðstoðar til handa sjálfstætt starfandi fræðimönnum við styrkumsóknir. Lögð var áhersla á að halda ráðstefnur, málþing og fyrirlestra um samfélagslega mikilvæg efni, ýmist í nafni RA ses eða í samstarfi við aðrar stofnanir og efla þannig bæði ímynd og sýnileika fræðimanna og stofnunarinnar. Vinna var lögð í að auka þekkingu í húsi á samkeppnissjóðunum og kröfum þeirra og fór starfsmaður RaRA meðal annars á fyrirlestra og námskeið um umsóknarskrif til að verða færari í að lesa yfir og veita fræðimönnum stuðning í umsóknaskrifum.

Reynslan af starfsemi RaRA var góð og skilaði styrkjum í hús, tengslum við aðrar stofnanir og sýnileika bæði fræðimanna og stofnunarinnar. Með því að hafa starfskraft og þar með þekkingu í húsi til að hvetja til og styðja við styrkumsóknir, viðburðahald og sýnileika í



netheimum var komið í veg fyrir spekilega og auðveldara að þróa og bæta rannsóknþjónustu RA ses við skjólstæðinga sína. RannsóknarSmiðja RA ses eins og hún var skilgreind og starfaði sem farvegur fyrir rannsóknþjónustu hlutverk RA ses gefur mikla möguleika á að styrkja bæði ímynd stofnunarinnar og styðja við þá einstaklinga sem til hennar sækja. Það er því mikilvægt að efla hana sem einingu innan reksturs RA ses samhliða eflingu almenns reksturs hennar.



## Heimildaskrá:

<https://www.akademia.is/akademian/reykjavikurakademian/stefna/>. (sótt, 28.02.2021)

Árni Daníel Júlíusson (2009), *Fræðimenn í flæðarmáli. 10 ára afmælisrit ReykjavíkurAkademíunnar*. Ritstjórn: Clarence E. Glad, Sigurður Gylfi Magnússon og Viðar Hreinsson, ReykjavíkurAkademían, Reykjavík.

Elsa Eiríksdóttir (2011), *Rannsóknarþjónusta Reykjavíkur Akademíunnar. Drög að þarfagreiningu og skilgreiningu starfs*. RVK 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (2001), *Hver er RA? Hver vill hún vera? Hugleiðingar og spurningar til innanhússmanna með kveðju frá Guðfríði Lilju. Trúnaðarmál*. RVK 28. mars 2001.

Gunnþóra Ólafsdóttir (2012), *Rannsókn(s)miðja ReykjavíkurAkademíunnar. Handbók stjórnar og starfsfólks*. [Drög Gunnþóru Ólafsdóttur + viðbætur Sesselja G. Magnúsdóttur 2012 + júní] RVK 2012.

Gunnþóra Ólafsdóttir (2012), *Rannsókn(s)miðja ReykjavíkurAkademíunnar. Handbók stjórnar og starfsfólks*. [Drög Gunnþóra Ólafsdóttir mars 2012]

„Nýjar bækur“ *Menningarlíf*, 2000, 5. apríl. <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/528403/> (sótt 28.9.2021)

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2014/02/21/Styrktarsamningur-vidReykjavikurAkademiuna/>. (sótt, 28.02.2021)



AKADEMIA.IS